



Verulega hægði á samdrætti hagkerfisins á fyrsta ársfjórðungi



Samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofu Íslands dróst landsframleiðslan saman um 1,7% á fyrsta ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. Þetta er mun minni samdráttur en verið hefur á síðustu fjórðungum. Mesti samdrátturinn var á öðrum fjórðungi síðasta árs þegar hann nam 10,1%. Síðan þá hefur dregið úr samdrættinum. Við teljum að samdráttur hagkerfisins muni fljótlega breytast í vöxt og spáum því að hagvöxtur yfir árið í heild verði 4,9%.

Þjóðarútgjöld sem eru samtala einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingar jukust um 1,7% en þetta er í fyrsta skiptið síðan á fyrsta fjórðungi á síðasta ári að vöxtur mælist í þjóðarútgjöldum. Áfram skýrist samdráttur hagkerfisins því af miklum samdrætti í útflutningi en kröftugur samdráttur í innflutningi vegur þar á móti. Framlag útflutnings til hagvaxtar var neikvætt um 8,3% en framlag innflutnings var jákvætt um 4,7%. Hreint framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar var því neikvætt um 3,7%. Framlag aukinna þjóðarútgjalda til hagvaxtar var jákvætt um 2%.

Einkaneysla tekin að aukast á ný

Einkaneysla jókst um 0,8%, sem er í fyrsta sinn síðan á fyrsta fjórðungi síðasta árs að vöxtur mælist í einkaneyslu. Fjórðungurinn litaðist töluvert af samkomutakmörkunum en neyslupróun mæld út frá kortaveltu sýnir að neyslan dróst saman á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Síðan kom mikil neyslaukning í mars en þá jókst kortaveltan um 20% milli ára. Mikill vöxtur var einnig í kortaveltu heimilanna í apríl en þá mældist 25% vöxtur og verður vöxtur í einkaneyslu nú á öðrum fjórðungi því líklega kröftugur. Í nýútkominni [þjóðhagsspá](#) okkar spáum við því að einkaneysla aukist um tæp 4% yfir árið í heild.

Samdráttur í neyslu heimila á síðustu fjórðungum skýrist af miklum samdrætti í neyslu þeirra erlendis. Utanlandsferðir landans hafa dregist mikið saman vegna faraldursins og hefur það skýrt mikinn samdrátt í neyslu íslenskra heimila en kortavelta þeirra hér innanlands hefur aukist í flestum mánuðum.






Almenn atvinnuvegafjárfesting var óbreytt milli ára

Fjárfesting í hagkerfinu dróst saman um 2,9% og var framlag hennar til hagvaxtar neikvætt um 0,6%. Samdráttur fjárfestingar skýrist af íbúðafjárfestingu sem dróst saman um 8,8% og atvinnuvegafjárfestingu sem dróst saman um 4,9%. Framlag opinberrar fjárfestingar var jákvætt um 2,2% en opinber fjárfesting jókst um 18,7% sem er mesti vöxtur hennar síðan á fjórða ársfjórðungi 2018. Samdráttur í atvinnuvegafjárfestingu má fyrst og fremst rekja til samdráttar fjárfestinga í skipum og flugvélum. Framlag stóriðju fjárfestingar var lítillaga neikvætt. Almenn atvinnuvegafjárfesting var nánast óbreytt milli ára.

Fjárfmunamyndun




Dregur úr samdrætti útflutnings

Útflutningur dróst saman um 20% á fjórðungnum og er þetta nokkuð minni samdráttur en mælt hefur á síðustu fjórðungum en þó ívið meiri samdráttur en í fyrsta fjórðungi í fyrra þegar samdrátturinn mældist 18,1%. Þennan samdráttur nú má rekja til samdráttar í þjónustuútflutningi sem dróst saman um 52%. Vöruútflutningurinn jókst hins vegar um 4,6%. Samdrátturinn í þjónustuútflutningi er svipaður og verið hefur en hann lá á bilinu 48-65% á síðustu þremur fjórðungum síðasta árs. Þennan samdráttur í þjónustuútflutningi má fyrst og fremst rekja til mikils samdráttar í ferðaþjónustu. Útflutningur ferðaþjónustu dróst saman um 88,7% á fyrsta fjórðungi á föstu gengi miðað við sama tímabil í fyrra en erlendum ferðamönnum fækkaði um 96% milli ára. Aukinn vöruútflutningur skýrist af aukningu í útflutningi sjávarafurða og öðrum útflutningi án sjávarafurða og stóriðju en útflutningur stóriðju dróst saman milli ára.


Áfram dregur úr samdrætti innflutnings

Innflutningur dróst saman um 11,3% á fyrsta fjórðungi og má rekja það fyrst og fremst til mikils samdráttar í þjónustuinnflutningi. Samdrátturinn má þó einnig rekja til samdráttar í vöruinnflutningi. Innflutningur þjónustu dróst saman um 30% á fyrsta fjórðungi sem er nokkuð minni samdráttur en verið hefur eftir að faraldurinn skall á. Þannig mældist á bilinu 41-49% samdráttur þjónustuinnflutnings á síðustu þremur fjórðungum síðasta árs. Mikinn samdráttur í þjónustuinnflutningi má rekja til mikils samdráttar í innflutningi vegna

Atvinnuvegafjárfesting



Útflutningur






ferðalaga Íslendinga erlendis. Brottfarir Íslendinga til útlanda námu 11,6 þúsundum á fyrsta fjórðungi og fækkaði þeim um 86,9% frá sama tímabili árið áður. Innflutningsverðmæti þjónustu dróst saman um 25,9 ma.kr. á fyrsta fjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra, mælt á föstu gengi. Af þeirri upphæð dróst innflutningur ferðaþjónustu saman um 25,5 ma.kr. eða 98,4% af samdrættinum.

Vöruinnflutningur dróst saman um 1,5% sem er mun minni samdráttur en verið hefur á síðustu fjórðungum. Þannig lá samdrátturinn á bilinu 3-23% á fjórðungum síðasta árs. Samdrátturinn í vöruinnflutningi hefur ekki verið jafn lítill síðan á fyrsta fjórðungi 2018 þegar mældist 7,4% aukning.


Einnig samdráttur í flestum viðskiptalöndum okkar á fyrsta ársfjórðungi

Sé litið til helstu viðskiptalanda Íslands voru þau flest að gagna í gegnum samdrátt í landsframléiðslu í upphafi árs. Samdráttur á Norðurlöndunum lá á bilinu 0,3-1,4%. Mestur var samdrátturinn í Finnland og minnstur í Svíþjóð. Einu löndin í þessu úrtaki þar sem landsframléiðslan jókst milli ára voru Frakkland og Bandaríkin. Hagvöxtur í Frakklandi var 1,2% en 0,4% í Bandaríkjunum. Stærri ríki í Evrópu voru að meðaltali með töluvert mikinn samdrátt á fjórðungnum. Þannig mældist á bilinu 1,4-6,1 samdráttur í Bretlandi, Þýskaland, Spán og Ítalíu. Mestur var samdrátturinn á Bretlandi og minnstur á Ítalíu.

Innflutningur



Hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi 2021



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.